

Sendandi: Félag íslenskra hljómlistarmanna (FÍH)

Dags: 9. febrúar 2022

Efni: umsögn um 291. mál, lagafrumvarp um framhald viðspyrnustyrkja

Fyrir hönd sjálfstætt starfandi tónlistarfólks fögnum við þessu lagafrumvarpi og teljum að brýna nauðsyn beri til þess að það fái brautargengi. Tónlistarfólk varð sérstaklega illa fyrir barðinu á Covid og fyrri viðspyrnustyrkir nýttust mörgum vel til að mæta tekjufallinu.

Til að bregða ljósi á hvert tjónið varð, má nefna að STEF rukkar „mekanísk“ gjöld af tónleikum sem haldnir voru á árabílinu 2020-2021. Þær tekjur voru 13% af því sem hafði verið 2019, augljós fylgni er á milli afkomu tónlistarflytjendanna og allra tónleikanna sem aldrei urðu.

Eftir að Covidbylgjan gekk niður síðasta sumar fylltumst við bjartsýni og fjöldi tónleika var fyrirhugaður er dró að jólum. Reyndin varð önnur þegar ný Covidbylgja fór í hæstu hæðir og fyrir flesta tónlistarflytjendur varð „jólavertíðin“ að litlu eða engu. Nú virðist sem betur fer sjá fyrir endann á Covidtímanum en samt er næsta öruggt að annað mikilvægt tekjutímabil í starfi tónlistarfólks er í uppnámi, árshátíðahaldið sem fer að mestu leyti fram í febrúar og mars. Einnig er ljóst að nokkurn tíma mun taka að fá marga áheyrendahópa til að jafna sig og sækja tónleika af sama krafti og þeir gerðu.

Eftir erfið tvö ár munu tónlistarflytjendur ná vopnum sínum aftur og halda áfram að auðga tilveruna en augljóst er að þeir þurfa að eiga aðgang að viðspyrnustyrkjum fram í vorið til að geta mætt skuldbindingum sínum og haldið sjó fjárhagslega.

f.h. Félags íslenskra hljómlistarmanna

Gunnar Hrafnsson, formaður

